



# Ábyrgðartrygging ferðaheildsala og ferðasmásala

Skilmáli nr. AA25

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AA25.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Ábyrgðartrygging ferðaheildsala og ferðasmásala tryggir þá sem skipuleggja og selja pakkaferðir fyrir tjónum sem kunna að verða hjá viðskiptavinum þeirra.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggingartaki er tryggður.

## 2. Hvar gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin tekur til tjóns sem verður hvar sem er í heiminum þar sem farkaupi ferðast í samræmi við samning um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

## 3. Hvenær gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin tekur til skaðabótakröfu vegna tjóns sem verður í pakkaferð sem hefst á tryggingartímabilinu. Tryggingin tekur til tjóns sem verður í pakkaferð þar til ár er liðið frá upphafi ferðarinnar.

3.2 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Tryggingin bætir tjón sem leiðir af bótaábyrgð og fellur á tryggðan samkvæmt 22. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 vegna slyss á mönnum eða skemmda á munum af völdum ófullnægjandi pakkaferðar sem tryggður hefur skipulagt og/eða selt. Tryggingin er viðauki við ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar tryggðs og nær eingöngu til atvika sem falla utan gildissviðs þeirrar tryggingar.

## 5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tryggingin bætir ekki:

- a) Tjón sem tryggður tekur á sig ef ábyrgðin er viðtækari en bótaábyrgð hans vegna slyss á mönnum eða skemmda á munum af völdum ófullnægjandi pakkaferðar.
- b) Sektir og önnur viðurlög sem falla á tryggðan.
- c) Skemmdir á farangri farkaupa á meðan hann er í vörslu flutningsaðila.
- d) Sérstakar refsikenndar skaðabætur (punitive damages).
- e) Tjón sem hið opinbera greiðir að einhverju leyti.
- f) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 6. Tryggingarfjárhæð

6.1 Ábyrgð VÍS takmarkast við tryggingarfjárhæð þá sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.



- 6.2 Á sviðum þar sem tryggðum er heimilt samkvæmt alþjóðasamningum að takmarka skaðabætur greiðir VÍS aldrei hærri bætur en hin heimilaða takmörkun segir til um.
- 6.3 Tryggingarfjárhæðir breytast við endurnýjun í samræmi við vísitölu neysluverðs. Verð og eigin áhætta breytast á sama hátt.

## 7. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 7.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

## 8. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 8.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti hlutar á tjónsdegi.
- 8.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 8.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 8.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 8.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

## 9. Staða tjónþola við tjón

- 9.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 9.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 9.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 9.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 10. Meðferð bótakrafna

- 10.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 10.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**